

Bifreiðabensín	0,60 kr. á lítra
gasolía	0,88 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,80 kr. á kg
flugvélabensín	0,15 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,10 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 23. nóvember 2001.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals	2.250
þ.a. Arnarfjörður	750
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.500
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Skagafjörður	0
þ.a. Skjálfandi	0
þ.a. Öxarfjörður	0

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. nóvember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.